

anum hæfilegan frest í málinu til andsvara í því. Stefndi Kristján Þorgrímsson f. h. Markúsar kaupmanns Snæbjörnssonar greiði áfrýjandanum Teiti Jónssyni 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að við lagðri aðför að lögum.

Nr. 48/1898.

Magnús Benjamínsson

gegn

W. Ó. Breiðfjörð.

Mál þetta höfðaði í hjeradi úrsmiður Magnús Benjamínsson í Reykjavík gegn stefnda kaupmanni W. Ó. Breiðfjörð sama staðar fyrir meiðyrði í 2 blaðagreinum í blaðinu »Reykvíkingur«, 8. árg. 2. tbl., sem út kom 1. febrúar þ. á. og var stefndi með bæjarþingsdómi Reykjavíkur uppkveðnum 11. ágúst þ. á. dæmdur í 20 kr. sekt til lands-sjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi, fyrir meiðandi og óvirðandi orð um áfrýjandann í annari hinni átöldu grein og til að greiða honum 10 kr. í málskostnað; hin saknæmu meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk.

Dómi þessum hefur Magnús Benjamínsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. okt. þ. á., og hefir hann krafizt þess, að stefndi verði fyrir ærumeiðingar í báðum hinum átöldu blaðgreinum látinn sæta laganna þyngstu refsingu, að öll hin meiðandi og óvirðandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi verði skyldaður til að greiða

allan kostnað málsins. Hinn stefndi hefur gagn-áfrýjað málinu með stefnu útgefni 22. okt. þ. á. og hefur krafizt þess, að hann verði algjörlega sýkn dæmdur af kærnum og kröfum áfrýjanda og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sjer hæfigan málskostnað fyrir báðum dómum.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess, að ekkert til- lit væri tekið til gagnáfrýjunar stefnda og að gagnáfrýjunarstefnu hans verði vísað frá rjettinum sökum þess að hún er úttekin 2 dögum áður en aðalmálið fjell í rjett í yfirdóminum samkvæmt stefnunni Þetta getur þó ekki hnekkt gildi gagn-áfrýjunarinnar, sem fjell í rjett og var incaminer- uð af stefnda fyrirtektardag aðalmálsins, jafnframt og hann lagði fram vörn sína í því. Verður því krafa áfrýjanda um frávisun gagnáfrýjunarstefnu- unnar ekki tekin til greina.

Að því er aðalefni málsins snertir, þá eru hin átöldu meiðyrði fólgin í 2 greinum í fyrnefndu tölublaði blaðsins »Reykvíkingur«, og þar sem greinarnar eru nafnlausar, ber stefndi, sem er út- gefandi og ábyrgðarmaður blaðsins, ábyrgð á þeim. Í fyrri greininni með yfirskriftinni »Dæmdir skulda- þrjótar« lýsir útgefandi erfiðleikum, sem hann hafi átt með að ná inn skuld, sem áfrýjandi og annar maður áttu að sjá um borgun á. Kveðst hann, eptir margar árangurslausar tilraunir að fá skuld- ina borgaða, hafa höfðað mál á móti mönnum þessum og þeir verið dæmdir til að greiða hana, en þá hafi áfrýjandi beðið hann að lána sjer ept- irrit af dómnum, sem stefndi hafði útvegað sjer, og lofað að skila honum því aptur samdægurs eða

greiða skuldina. Þetta hafi þó áfrýjandi hvorugt gjört, og aldrei skilað aptur eptirritinu, og virðist eptirritið eptir málinu að dæma hafa týnzt hjá honum. Kveðst stefndi því hafa orðið að útvega sjer nýtt eptirrit af skuldadóminum til að láta birta áfrýjanda og fjelaga hans. Um þessa aðferð áfrýjanda og hins mannsins hefur nú stefndi orð þau, sem auk yfirskríptar greinarinnar: »Dæmdir skuldaprjótur« eru átalín í greininni, nefnilega: »þessi lúalegi, lítilmennsku vesallegi móþrói« og »þessari krakkalegu vanhugsuðu fásinnu flæmings- undanfærslu«, og enn er þar átalíð, að peningaþröngin (sem orsakaði undanfærsluna að borga skuldina) er sögð stafa »af gortaralegum þemb-ingsskap og flónskulegri óframsýni forkólfanna«. Með því að engin ástæða er til að ætla, að áfrýjandi hafi ætlað að hliðra sjer hjá að greiða stefnda rjetta skuld, og með því sjerstaklega að hjer var að ræða um skuld, sem hann virðist eigi hafa verið að öllu einráður um, hvort og hve nær borguð yrði, þá verða ofangreind ummæli stefnda um hann að álitast með öllu tilefnislaus, og þar sem þau eru mjög móðgandi og óvirðandi fyrir áfrýjandann, verður stefndi að sæta sektum fyrir þau samkvæmt kröfu áfrýjanda.

Hin greinin, sem átalín er í fyrtjeðu tölu- blaði »Reykvíkings« með yfirskríptinni: »Hin lengsta líkhringing í heimi«, verður aptur á móti ekki álitin innihalda nein saknæm meidyrði eða móðgunaryrði um áfrýjanda, enda verður eigi af sambandinu í greininni sjeð, að orð þau, er áfrýj- andi sjerstaklega hefur þótzt meiddur af: að »höf-

uðskynsemin var þá ekki heima hjá sjer, því hún hefði skroppið út á knæpu« eigi að heimtærast til áfrýjandans, og stefndi hefur neitað því, að svo eigi að skilja orðin.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta bæjarþingsdóminn að því leyti hann dæmir framantalin móðgandi og óvirðandi ummæli stefnda um áfrýjanda í greininni »Dæmdir skuldabryjótar« dauð og ómerk, og ber stefnda að greiða sekt til landsjóðs fyrir þau samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga, er þykir hæfilega ákveðin 40 kr., og komi í stað sektarinnar, ef hún er eigi öll greidd í tæka tíð, 10 daga einfalt fangelsi. Um málskostn, að á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður og ber stefnda auk þess að greiða áfrýjanda máls, kostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi W. Ó. Breiðfjörð greiði í sekt til landssjóðs 40 kr. eða sæti til vara, ef sektir er eigi öll greidd í ákveðinn tíma, 10 daga einföldu fangelsi. Um ómerking meidyrða og málskostnað á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Stefndi greiði áfrýjandi Magnúsi úrsmið Benjamínssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.